

Staða verkefnis um greiningu á misferlisáhættu

25.mars 2021

Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráð

Misferlisáhætta ...

er meiriháttar áhætta sem ógnar allri starfsemi - í fjárhagslegu tilliti og gagnvart ímynd og orðspori

Skilvirk áhættustjórnun á misferli innifelur:

- siðareglur og „tóninn á toppnum“ frá yfirstjórn
- misferlisvitund, þekkingu og skilning á eðli, ástæðum og einkennum misferla
- misferlisáhættumat – meta áhættu, líkur og tegundir tilvika
- regluleg eftirfylgni – innri endurskoðun sem lítur til misferlisáhættu í úttektum og gerir viðeigandi athuganir
- varnir og uppgötvun – viðbrögð til að minnka tækifæri til misferlis og hvatningu til siðlegrar hegðunar
- rannsókn – ferli, mannaflí og þekking til að rannsaka og skrá grunuð misferlisatvik

Líkan – misferlisáhættumat samvinna COSO og ACFE

- COSO ramminn byggir á 5 meginreglum og 17 markmiðum/aðgerðum (e:principles) um innra eftirlit
- Markmið # 8 fjallar um nauðsyn þess að fyrirtæki/stofnanir íhugi mögulega sviksemi og meti misferlisáhættu
- Samstarf við ACFE 2016 Líkan um mat á misferlisáhættu
- Leiðbeiningar um misferlisáhættustjórnun (Fraud Risk Management Guide) auk þess hannað líkan til að aðstoða við að koma á skilvirkri stjórnun misferlisáhættu.

<https://www.acfe.com/coso-scorecard-home.aspx>

COSO Rammi-misferlisáhættustjórnun

Eftirlitsumhverfi



Hrint er í framkvæmd verkefni um stýringu á misferlisáhættu sem sýnir fram á væntingar yfirstjórnar og æðstu stjórnenda og skuldbindingu um heilindi og siðferðisleg gildi varðandi stjórnun á misferlisáhættu.

Áhættumat



Viðtæk greining á misferlisáhættu, tegundir misferla, aðferðir, líkur á tilvikum og hugsanlegum áhrifum, eftirlitsaðgerðir og innleiðing aðgerða til að draga úr eftirstæðri misferlisáhættu.

Eftirlitsaðgerðir



Val, þróun og dreifing á fyrirbyggjandi og uppgötvandi eftirliti á misferli til að draga úr áhættu á tilvikum sem ekki eru uppgötvuð í tíma

Upplýsingar og samskipti



Samskiptaferli fyrir ábendingar (misferlisgátt) um hugsanleg misferli, meðhöndlun ábendinga, rannsóknir og viðeigandi viðbrögð við misferli og innan hæfilegra tímamarka

Vöktun og stjórndæfirlit




Þróun og framkvæmd staðfestingarúttektar á því hvort fimm meginreglur misferlisáhættumats eru til staðar og virkar, hvort brugðist sé tímanlega við annmörkum í áhættustýringu við ábyrgðaraðila


Starfshópar SEA/USK, ÍTR, MOF og VEL

Innri Endurskoðun

Skorkort: 267 viðmið



Skorkort: ⁻
Fjöldi viðmiða í hverri meginreglu



■ Stjórn og yfirstjórn ■ Áhættumat ■ Eftirlitsaðgerðir ■ Rannsókn og aðgerðir ■ Stjórnendaryfni

COSO Rammi aðgerðir og meginþættir

Misferlisáhættu stjórnun - fimm meginþættir

Eftirlit um hverfi

1. Reykjavíkurborg sýnir fram á skuldbindingu og staðfestingu um að starfsemin byggji á heilindum og góðu siðferði.

2. Borgarstjórn/ráð sýnir fram á sjálfstæði og óhæði frá daglegum rekstri og hefur yfirsýn yfir þróun og virkni innra eftirlits.

3. Yfirstjórn mótar og innleiðir stefnu, formlegt skipulag, skilgreindar boðleiðir, viðeigandi heimildir og ábyrgðaaðila til að markmiðum verði náð.

4. Leitast verður við að laða að, þróa og halda í hæfa einstaklinga til að markmiðum verði náð.

5. Uppbygging stjórnskipulags hjá félaginu er með þeim hætti að ábyrgð á innra eftirliti er tengd við starfsskyldur starfsmanna.

1. Reykjavíkurborg hrindir í framkvæmd og kynnir verkefni um stýringu á misferlisáhættu sem sýnir fram á væntingar borgarstjórnar, borgarráðs og yfirstjórnar borgarinnar og skuldbindingu um heilindi og siðferðisleg gildi varðandi stjórnun á misferlisáhættu.

Skorkort misferlisáhættu

Samantekt miðað við helstu áhersluatriði

Áhersluatriði	Niðurstaða	Fjöldi viðmiða
Stjórn og yfirstjórn	Skuldbinding og staðfesting um heilindi og gott siðferði	8
	Stuðningur við misferlisáhættustjórnun	14
	Mótun og innleiðing stefnu í misferlisáhættustjórnun	5
	Skilgreindar boðleiðir og ábyrgðaaðilar í allri starfseminni	5
	Skráning stefnu og stjórnun á misferlisáhættu	6
	Samskipti um misferlisáhættustjórnun á öllum stigum starfseminnar	12

Alls 50 viðmið þar af 13 viðmið sem fjalla um misferlisáhættustefnu